

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Eyjafjarðarsveit mun á árinu 2006 innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð íláta (magn sorpsins) og tæmingu á tveggja vikna fresti. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni þess úrgangs sem til fellur á hverjum stað sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000, um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

3. gr.

Árið 2006 verður sorphirðugjald sem hér segir:

	kr.
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	12.325
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti	19.235
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti	44.690

4. gr.

Eigendur sumarbústaða skulu á árinu 2006 greiða kr. 3.338 í sorphirðugjald enda sé þeim gert kleift að losa sig við sorp á gámasvæðum sem skulu vera að lágmarki þrjú í sveitarfélaginu.

5. gr.

Á árinu 2006 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 3.000 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 16. desember 2006, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin hefur verið samþykkt að Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og gildir frá 1. janúar 2006.

Eyjafjarðarsveit, 12. janúar 2006.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2006